



RANGÁRÞING **ULTRA**

Fjallahjólakeppni í Rangárþingi

14. júní 2019

Ræsing kl. 19:00 frá Hellu

Kæri þátttakandi!

Sveitarfélögin Rangárþing ytra og Rangárþing eystra hlakka til að taka á móti ykkur á Hellu næstkomandi föstudag. Í þessu bréfi verður farið yfir nokkur mikilvæg atriði sem varða keppnina. **Vinsamlegast lesið þetta bréf vandlega yfir.**

Ef þið eruð ekki þegar búin að því þá vinsamlegast smellið á „like“ á facebook síðu Rangárþings Ultra til að fylgjast með fréttum sem við setjum þar inn varðandi keppnina. Einnig erum við með heimasíðu. www.rangarthingultra.is

Allir þátttakendur munu þurfa að skrifa undir afsal/skilmála fyrir keppni.

Ef slys ber að höndum

Ef slys ber að höndum skal hringja í 112, svo láta keppnisstjóra vita í síma 866 2632 .
Ef um önnur atvik er að ræða eða keppendum vantar aðstoð skal hringja beint í keppnisstjóra.

Keppnisstjórn og dómaraar.

Eiríkur Vilhelm Sigurðarson keppnisstjóri , GSM: 866 2632
Ólafur Örn Oddsson keppnisstjóri 2, GSM: 694 3073

Erlendur Þorsteinsson Yfirdómari

Öllum keppendum er skylt að hjóla með farsíma og vista númer keppnisstjóra í símtækið.

Spurningar:

Eiríkur Vilhelm Sigurðsson eirikur@ry.is
Nanna Fanney Björnsdóttir, nanna@hvolsvollur.is
Ólafur Örn Oddsson, olfurorn@hvolsvollur.is
Erlendur Þorsteinsson esth@erlendur.com

Dagskrá:

- 17:45 – 18:15 Afhending keppnisgagna í Íþróttamiðstöðinni á Hellu
- 18:15 Keppendafundur í Íþróttamiðstöðinni á Hellu. **Mikilvægt að allir mæti!**
- 19:00 Ræsing fyrir framan Arion Banka á Hellu
- 20:30 Grill og súpa fyrir keppendur við endamark á Hvolsvelli.
- 21:45 Verðlaunaafhending við Íþróttamiðstöðina á Hvolsvelli
- 21:50 Sætaferðir til baka á Hellu (ath. ekki er boðið upp á flutning á hjólum)

Bílastæði á Hellu


Þegar komið er á Hellu eru keppendur og aðrir sem þeim fylgja, vinsamlegast beðnir um að leggja bílum sínum á langtíma bílastæði við Miðjuna, fyrir aftan Miðjuna, við Menningarsalinn eða við sparkvöllinn við Íþróttahúsið. Sjá mynd:



Keppnisgögn

Afhending keppnisganga og keppendafundur

- Keppnisgögn verða afhent milli kl. 17:45 og 18:15 í Íþróttamiðstöðinni á Hellu.
- Þegar keppendur mæta í Íþróttahúsið þurfa þeir að:
 1. Undirrita afsal/skilmála keppinnar
 2. Fá keppnisnúmer og flögur
 3. Taka plastbönd fyrir flögu og númer (5. stk.) og nælur fyrir númer (4. stk.)
- Aðstandendur keppinnar ábyrgjast ekki að keppendur fái keppnisgögnin afhent nema þau séu sótt á fyrrgreindum tímum.
- Keppendafundur er á sama stað kl 18:15. Mikilvægt að allir mæti!



Öllum keppendum er skyli að hjóla með farsíma og vista númer keppnisstjóra í símtækið.

Keppnisstjóri: Eiríkur Vilhelm Sigurðarson s: 866 2632

Keppnisgögnin eru:

Keppnisgögn samanstanda af tímatökuflögu, keppnisnúmeri fyrir hjól og bak, 5 plastböndum, 4 nælum og afsali/skilmálum.

Leiðbeiningar:

Tímatökuflagan skal festast á framgaffal með þar til gerðum plastböndum.

Keppnisnúmerið skal festast á stýri reiðhjólsins, einnig með plastböndum og á bak keppenda með nælum.



Ræsing

Ræsing er klukkan 19:00 fyrir framan Arion Banka á Hellu.

Keppendur raða sér sjálfir á rásmark og allir eru ræstir á sama tíma.

Örlítill brekka niður í móti er við ræsinguna og tvær hraðahindranir í götunni.

Ræsingunni er stýrt þar til komið er fram hjá íbúagötum á Hellu (Bogatúni).



Keppnin

Brautarlýsing

Rangárþing Ultra leggur leið sína um sveitir Rangárþings frá Hellu til Hvolsvallar.


Leiðin er um 50 km löng og samtals hækkun á leiðinni er 180 metrar.

Undirlag brautarinnar er blanda af malbikuðum vegum og ómalbikuðum vegslóðum. Þar má til dæmis finna þjappaða moldar slóða sem liggja um græn svæði sveitarinnar og malar slóða í gegnum fallegar hraunbreiður.

Þvera þarf eina á á leiðinni, Fiská. Vaðið krefst varúðar! Áin er í þremur álum. Við höfum merkt það sem við teljum heppilegustu leiðina með hvítum staurum. Hjólarar ráða því sjálfir hvort þeir kjósi að hjóla yfir ána eða vaða og teyma hjólið.

Biörgunarsveitin verður með gæslu á staðnum og aðstoðar þá sem þess þurfa.

Brautin krefst ekki mikillar tæknifærni á fjallahjólum og er áskorunin heldur fólgin í úthaldi. Þrátt fyrir að vera tæknilega einföld er eindregið mælt með fjallahjólum í þessari áskorun.




Töluverð hækkun er í brautinni. Sjá hæðarprófil.

Ein drykkjarstöð er á leiðinni, eftir ca. 35 km

Aðstaða í endamarki á Hvolsvelli

Sjá skýringar á mynd. Þegar komið er í endamark á Hvolsvelli er öllum keppendum boðið uppá súpu og grillaðar pylsur. Tekið er á móti hjólum í geymslu í íþróttahúsinu ef keppendur óska eftir því. Sætaferðir verða á Hellu frá íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli. Allir keppendur fá frítt í sund á Hvolsvelli og á Hellu.



Bílastæði á Hvolsvelli

Aðstaða á Hvolsvelli

Keppnisreglur

Þó svo að Rangárþing Ultra sé ekki haldið innan vébanda Hjólreiðasambands Íslands (HRÍ) þá gilda kaflar 3.4 til og með 7.8 í reglum HRÍ í mótinu, að öllum köflum þar á milli meðtöldum. Að auki gilda eftirfarandi reglur til viðbótar eða víkja til hliðar reglum HRÍ:

- A.** Það er leyfilegt að þiggja mat / drykk á leiðinni utan drykkjarstöðva. Ekki má undir nokkrum kringumstæðum rétta mat eða drykk úr bíl á ferð. Séu keppendur með fylgdarbíl má sá bíll keyra á undan keppendum og leggja þar sem bifreiðin getur verið með öll hjól utan keppnisbrautar. Þaðan má rétta mat og drykk inn í braut.

Að auki eru almennar reglur Alþjóðahjólreiðasambandsins (UCI) um fjallahjólamararþon (XCM) hafðar til viðmiðunar við dómgæslu.

Dómarar með UCI-réttindi munu dæma keppnina. Þátttakendur sem ekki fara eftir þessum reglum eiga á hættu að verða skráðir úr mótinu eða vísað úr keppni.

Helstu atriði sem keppendur ættu sérstaklega að kynna sér úr reglum HRÍ:

- Þátttaka er á ábyrgð keppenda.
- Keppnin fer fram á opnum vegum, og ber keppendum að virða umferðarreglur öllum stundum, t.d. þegar bílum er mætt, eða þegar hjólað er út á akbraut.
- Hvarvetna þar sem hjólað er á malbiki skal hjóla hægra megin við miðlínu.
- Bannað er að nýta sér skjól af faratækjum.
- Ekki má stytta sér leið. Yfirgefi keppandi keppnisleiðina verður hann að koma inn á hana á stað og hún var yfirgefin.
- Það er leyfilegt að þiggja tæknilega aðstoð á leiðinni en ekki má skipta um stell. Sé farið út úr braut til þess að gera við búnað þarf að koma aftur inn á brautina á sama stað og farið var út úr henni og hefja þar keppni aftur.
- Keppandi sem veldur truflun í keppni með því að hindra eða stofna öðrum keppanda í hættu (t.d. í endaspretti) dæmist úr leik. Ber þar helst að nefna skyndilegar hraða- og stefnubreytingar í hóp hjólara.
- Í endaspretti skal keppandi undantekningalaust halda beinni línu og hafa a.m.k. aðra hendi á stýrinu. Dómari getur áminnt keppanda, dæmt keppenda aftast í hóp eða dæmt keppenda úr keppni, eftir alvarleika brotsins.
- Keppandi sem fer yfir marklínu má ekki bremsa niður fyrr en 50 metrum eftir hana og þá skal hann fara út í vegkant eða út af veginum áður en hann stöðvast alveg. Ekki má vera stopp á miðjum veginum eftir marklínu. Alls ekki má hjóla til baka að marki nema í vegkanti, og þá einungis mjög hægt. Ekki má fara aftur yfir tímatökubúnað.

Búnaður: Allir keppendur skulu hjóla með reiðhjólaljálmi á meðan á keppni stendur.

Leyfileg hjól:

- Öll venjuleg reiðhjól eru leyfileg í keppninni, en gæta skal að búnaður á því (ef til staðar), svo sem standari, bögglaberi, bretti eða annað slíkt, sé vel festur, og af búnaðinum stafi ekki hætta fyrir aðra keppendur.
- Liggistýri, letingjar, TT-bars eða annar sambærilegur búnaður er bannaður í allri keppninni. Venjulegir stuttir stýrisendar (festir á enda fjallahjólástýris) eru leyfðir.

Fylgdarbílar:

Fylgdarbíla skal skrá með því að senda tölvupóst á nanna@hvolsvollur.is fyrir kl 12:00 fimmtudaginn 13. júní. Eftirfarandi skal koma fram:

1. Hvaða keppanda/keppendum er verið að fylgja eða tilgreina lið.
2. Skráningarnúmer bíls, gerð og litur.
3. Nafn, netfang og símanúmer bílstjóra og aðstoðarmanns (sé um hann að ræða).

Allir bílar í braut á vegum eða með heimild mótisstjórnar eiga að vera merktir í afturrúðu og hliðarrúðum með einkennisstaf:

Dómarabílar	D
Ljósmyndarabílar og álíka	M
Aðrir bílar mótisstjórnar	K
Fylgdarbílar	F

Fylgdarbílar skulu einnig vera merktir í framrúðu (neðst hægra megin), þó ekki þannig að byrgi bílstjóra sýn.

Fylgdarbílar skulu í einu og öllu fara eftir fyrirmælum dómara og skulu alltaf keyra á eftir dómara; fylgdarbílar mega aldrei vera á milli dómara og keppenda nema með sérstöku leyfi dómara. Þegar tími á milli hópna er orðinn nægur til að dómari telur það vera öruggt að fara á milli hópna færir dómaraþillinn sig á milli hópanna og þeir fylgdarbílar sem eiga liðsmenn í þeim hóp fylgja á eftir en aðrir elta sinn hóp.

Einungis má veita aðstoð þegar fylgdarbíllinn er kyrr og þar sem það er öruggt, sjá reglu A.

Allir bílar í braut skulu alltaf hafa hættuljós (hazard ljós) blikkandi.

Brot á reglum:

- Þátttakandi sem fer ekki eftir ofangreindum reglum verður dæmdur úr keppni ef annað er ekki tekið fram í tiltekinni reglu.
- Mótisstjórn áskilur sér rétt til að stöðva í ræsingu hvern þann sem ekki fylgir þessum reglum.

Aðrar reglur og skilmálar

- Keppendur og þeirra búnaður er á eigin ábyrgð.
- Rangárþing Ultra áskilur sér rétt á að nota myndir og myndbandsbúta af þátttakendum í markaðsefni keppinnar.
- Það er með öllu óheimilt að henda rusli á keppnisbrautinni að undanskildu þar sem starfsfólk keppinnar getur tekið við því. Einnig má afhenda fylgdarfólki eða fylgdarbíl rusl á leiðinni.
- Flagan festist á hjólið. Engin flaga enginn tími. Flögunni verður að skila, starfsmaður tekur flöguna af hjólinu eftir keppni.

Lokaorð

Að lokum vilja mótshaldarar óska keppendum góðs gengis og vonumst til að upplifunin af keppninni verði góð.

Við viljum minna á að við endamark verða grillaðar pylsur og súpa í boði Sláturfélags Suðurlands og frítt er í sund bæði á Hvolsvelli og Hellu.

Móthaldarar og samstarfsaðilar

Rangárþing eystra og Rangárþing ytra standa saman að keppnishaldi.

Samstarfsaðilar er:

Sláturfélag Suðurlands

UMF Hekla

Björgunarsveitin Dagrenning, Hvolsvelli

Flugbjörgunarsveitin Hellu

Íbúar í báðum sveitarfélögum